

## 10. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

1. október 2019, Reykjavík kl. 17:30

**Mætt eru:** Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Rut Einarsdóttir (RE), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Una Hildardóttir (UH).

**Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB).

*Fundur settur 17:42*

*Fundarstjóri: Una Hildardóttir*

### Dagskrá:

1. **Fundargerð 9. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Frá skrifstofu:**
  - 2.1. Launamál og fæðingarorlof starfsmanna: SHB tekur við af TI þar 1. september 2020. SHB boðar UH og TI á fund vegna launamála.
  - 2.2. Prófkúra og fjármál: Ákveðið var að SHB verði prófkúruhafi.
3. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** Ráðstefnan „[Breytingar í þágu barna](#)“ í Hörpu miðvikudag 2. okt. kl. 08:30-15 og verður fulltrúaráði boðið að mæta.
4. **Kærumálið:**
  - 4.1. Niðurstaða: Eftir um árs málsmeðferð staðfesti ráðuneytið niðurstöðu Fyrirtækjaskrár með nánast sama rökstuðningi. Sorgleg niðurstaða og lagalega röng, þar sem m.a. er farið á mis við mikilvægar röksemdir í kærinni og þeim ekki svarað. Ráðuneytið telur að skortur stjórnarmeðlims á fjárræði komi í veg fyrir að hann geti gengt lögmætri umboðsmennsku með stjórnarsetu, án þess að færa rök fyrir því að slíkt hafi á nokkurn hátt áhrif á starfsemi félagsins og skuldbindingargildi ákvarðana stjórnar. Er því um geðþóttaákvörðun ráðuneytisins að ræða sem ekki á sér beina lagastoð.
  - 4.2. Næstu skref: Ekki er hægt að setta sig við jafn illa rökstudda ákvörðun og þessa, sér í lagi þar sem um mikilsvæg réttindi er að ræða. Leitað verður því allra leiða til að halda málinu áfram, vekja athygli á því og fá þessari leiðu niðurstöðu breytt. Ákveðið var að vísa málinu til Umboðsmanns Alþingis og fá álit á málsmeðferð og efnismeðferð.
5. **Leiðtogaskólinn 2019, 12.-13. og 19.-20. október:**
  - 5.1. Frestur til að sækja um í skólann er til og með 6. október.
  - 5.2. Kynntar voru lítilsháttar breytingar á stundatöflu.
  - 5.3. Drög að fjárhagsáætlun skólans var samþykkt.
  - 5.4. Viðvera stjórnar: SHB var falið að setja upp vaktaplan.
  - 5.5. Farið var yfir verkefnalistann og verkaskiptingu.
6. **Alþjóðamál:**
  - 6.1. Upplýst var um 1. fund Alþjóðanefndar LUF.
  - 6.2. Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum: Bréf hefur verið sent á umhverfis- og auðlindaráðuneytið. SHB var falið að ítreka erindið svo hægt verið að kjósa Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála. Unnið er að beiðni til forsætisráðuneytisins.
  - 6.3. RE fer til Brussel á AC fund.

7. **Fjármögnun:** SHB var falið að sækja um fjármagn í þá sjóði sem opnir eru í október fyrir þeim verkefnum sem eftir á að fjármagna.
8. **3. Fulltrúaráðsfundur ráðgerður 30. október:** Áfangaskýrsla stjórnar verður kynnt og senda þarf út fundarboð í síðasta lagi 16. október.
9. **Næsti stjórnarfundur:** Ákveðið síðar.
10. **Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 18:54  
SHB ritaði fundargerð*